

**Ed.** **546. Frumvarp til laga** [176. mál]  
um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Undanþegnar öllum skemmtanaskatti eru þessar skemmtanir:

- a. Fræðandi fyrirlestrar.
- b. Innanfélagsskemmtanir, aðrar en dans, sem aðeins eru fyrir félagsmenn og gesti þeirra. En sannist það, að utanfélagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemmtunum, skal það skoðað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemmtun eftir 2. gr. 2. flokki.
- c. Skemmtanir skóla og skólafélaga, annarra en dansskóla, enda séu þær aðeins fyrir nemendur og kennara, ásamt gestum þeirra, og haldnar undir umsjá skólastjórnar.

- d. Leiksyningar Þjóðleikhússins og hljómleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
- e. Kvikmyndasýningar í Reykjavík á vegum sáttmálasjóðs og kvikmyndasýningar bæjarsjóðs Akraness og Hafnarfjarðar, enda sé tekjunum varið á sama hátt og nú. Enn fremur er ráðherra heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti kvikmyndasýningar eins kvikmyndahúss, er rekið sé af opinberum aðila, í hverjum hinna annarra kaupstaða, enda sé tekjum af þeim varið til menningar- eða mannúðarmála.
- f. Íþróttasýningar, sem áhugamenn einir taka þátt í, enda renni ágóðinn óskiptur til íþróttastarfsemi.

Aðrar undanþágur eru óheimilar. Þó er ráðherra heimilt að láta haldast að nokkru eða öllu leyti undanþágur þær frá greiðslu skemmtanaskatts, er þær skemmtanir hafa notið, sem haldnar eru til fjáröflunar fyrir góðgerðar-, líknar- og björgunarstarfsemi, sjúkrasjóði með staðfestri skipulagsskrá, sjúkrahús, elliheimili, æskulýðsheimili, Tónlistarskólann í Reykjavík, kirkjustarfsemi eða bindindisstarfsemi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði.

#### 2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum, skal varið þannig, sbr. þó ákvæði 7. gr.:

- a. 50% skattsins skulu renna í félagsheimilaskjóð og skal varið samkv. lögum nr. 77/1947.
- b. 50% skattsins skulu renna í rekstrarsjóð Þjóðleikhússins og skal varið samkv. ákvæðum laga nr. 86/1947.

#### 3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, er verður 7. gr., og orðast þannig:  
Innheimta skal skemmtanaskatt samkv. 2. gr. og viðaukum við lög þessi með 10% álagi, og skulu tekjur af því renna til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

#### 4. gr.

Á eftir 7. gr. komi ný grein, er verður 8. gr., svo hljóðandi:  
Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða að kvikmyndasýningum, öðrum en kvikmyndasýningum fyrir börn, og dansleikjum í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri. Nemur gjald þetta 1 kr. á hvern seldan aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og 2 kr. á hvern seldan aðgöngumiða að dansleik. Gjald þetta er undanþegið álagi samkvæmt lögum nr. 91/1956 og álagi samkvæmt 3. gr. laga þessara, svo og söluskatti skv. lögum nr. 96/1956 og gjaldi til útflutningssjóðs skv. lögum nr. 86/1956.

Gjald þetta rennur óskipt í menningarsjóð.

Um innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og um innheimtu annars skemmtanaskatts samkvæmt lögum þessum.

#### 5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 115/1951, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús o. fl., og lög nr. 85/1947, um breyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús o. fl.

#### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en ákvæði 2. gr. skulu þó eigi koma til framkvæmda fyrr en frá og með 1. júlí 1957.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Af hagnaði Viðtækjaverzlunar ríkisins árin 1957—1961, að báðum árum meðtöldum, skulu  $\frac{1}{3}$  hlutar renna í ríkissjóð til greiðslu eftirstöðva af byggingar-

skuldum Þjóðleikhússins, sem ríkissjóður hefur tekið að sér að greiða, en allt að 2/3 hlutum er ráðherra heimilt að ráðstafa til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Verði sú heimild eigi notuð að einhverju eða öllu leyti, skal sá hluti, sem eigi er ráðstafað til Sinfóníuhljómsveitarinnar, renna í ríkissjóð til viðbótar við áðurgreinda 2/3 hluta.

Frá 1. janúar til 1. júlí 1957 skulu 4% skemmtanaskatts, sem lestrarfélög nutu fyrir gildistöku laga nr. 42/1955, um almenningsbókasöfn, renna til kennslukvikmyndasafns.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu felast fyrst og fremst fernar breytingar á gildandi lögum:

1. Settar eru skýrari reglur um undanþágur undan skemmtanaskatti en eru í lögum þeim, sem nú gilda.

2. Breytt er ákvæðum um skiptingu tekna af skemmtanaskatti.

3. Lagt er gjald á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og dansleikjum, og renni það í Menningarsjóð.

4. Hagnaði Viðtækjaverzlunar árin 1957—61 er ráðstafað í ákveðnu skyni.

Í gildandi lögum um skemmtanaskatt segir m. a., að „skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða til styrktar málefna, er miða að almenningsheill“, skuli undanþegnar skemmtanaskatti. Á grundvelli þessa ákvæðis hafa ýmsar undanþágur undan greiðslu skemmtanaskatts verið veittar. En jafnan hefur verið talinn leika nokkur vafi á því, hvornig túlka bæri þetta ákvæði. Á síðari árum hafa beiðnir um undanþágu undan skattgreiðslunni farið sívaxandi, einkum eftir að dómur gekk um það í hæstarétti, að fjáröflun staðbundinna félaga eins og Fegrunarfélags Reykjavíkur skyldi falla undir þetta ákvæði laganna, en áður hafði verið litið svo á, að í því sambandi kæmi einungis til greina starfsemi, er varðaði landið allt. Má búast við, að æ fleiri samtök geti talið undanþáguákvæði laganna eiga við fjáröflun sína, að gildandi lögum óbreyttum, og tekjur af skemmtanaskatti rýrni af þeim sökum mjög verulega. Tekjuþörf þeirra aðila, sem skemmtanaskattsins eiga að njóta, hefur hins vegar farið vaxandi, og fer nú allfjarri því, að skatturinn sé þeim nægilegur, miðað við þá skiptingu hans, sem gildandi lög gera ráð fyrir.

Í lögum þeim, sem nú gilda, eru nefndar ákveðnar tegundir skemmtana, sem undanþegnar skuli skemmtanaskatti. Þeim ákvæðum er öllum haldið í þessu frv. og við bætt kvikmyndasýningum sáttmálasjóðs og bæjarsjóðs Akraness og Hafnarfjarðar, enda sé tekjunum varið á sama hátt og nú. Þessar kvikmyndasýningar hafa verið undanþegnar skemmtanaskatti samkvæmt hinu almenna ákvæði, sem vitnað var til að framan, svo að hér er að því leyti ekki um breytingu á ríkjandi skipun að ræða. Hins vegar er í frumvarpinu gert ráð fyrir heimild fyrir ráðherra til þess að undanþiggja skemmtanaskatti eitt kvikmyndahús, sem rekið sé af opinberum aðila, í öðrum kaupstöðum landsins. Þá er í frv. ákvæði um, að hljótleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands skuli undanþegnir skattinum, og er það nýmæli. Hljómsveitin er styrkt af opinberu fé, svo að ekki þykir rétt, að greiddur sé skemmtanaskattur af hljótleikum hennar fremur en leiksýningum Þjóðleikhússins. Ýmsum fyrirtækjum og samtökum hafa og verið veittar undanþágur frá greiðslu skatts með hliðsjón af nefndu ákvæði. Í þessu frv. er menntamálaráðherra heimilað að láta þessar undanþágur haldast að nokkru eða öllu leyti. Hins vegar er kveðið svo á, að óheimilt sé að veita nýjar undanþágur.

Stefna þessa frv. varðandi undanþágurnar er þannig sú, að láta þær undanþágur, sem þegar hafa verið veittar, haldast í meginatriðum, en stöðva þó þá þróun, að æ fleiri aðilar geti losnað við greiðslu skattsins og þannig dregið úr stuðningi við þá starfsemi, sem tekjum af skattinum er ætlað að efla, en það er fyrst og fremst rekstur Þjóðleikhússins og bygging félagsheimila. Ef áframhald yrði á þróun síðustu ára í þessum efnun, má hiklaust búast við, að tekjur af skattinum

yrirnuðu verulega. Hins vegar yrði vafalaust talið nauðsynlegt að sjá bæði Þjóðleikhúsi og félagsheimilum áfram fyrir ekki minni tekjum en þau njóta nú, svo að taka yrði tilsvarendi upphæðir á fjárlög.

Ekki er rétt að gera ráð fyrir auknum tekjum af skemmtanaskatti vegna frv. þessa frá því, sem verið hefur. Markmiðið er á hinn bóginn að koma í veg fyrir, að tekjurnar yrni á næstu árum.

Samkvæmt gildandi lögum er skemmtanaskatti skipt svo sem hér segir: 42% renna í rekstrarsjóð Þjóðleikhússins, 35% renna í félagsheimilaskjóð, 15% er varið til greiðslu á byggingarskuldum Þjóðleikhússins og 8% renna til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum. Þá er og innheimtur 10% viðauki við skemmtanaskattinn, og er honum varið til styrktar Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Samkvæmt þessu frv. skal tekjum af skattinum skipt til helminga milli rekstrarsjóðs Þjóðleikhússins og félagsheimilaskjóðs. Þegar sett voru lög um félagsheimili 1947, var gert ráð fyrir því, að helmingur skattsins skyldi renna til styrktar byggingu þeirra. 1950 var þessu breytt, og ákveðið, að 15% skattsins skyldi ganga til þess að greiða byggingarskuldir Þjóðleikhússins, sem reynzt höfðu meiri en gert hafði verið ráð fyrir, en hluti félagsheimilaskjóðs skertur að sama skapi. Í þessu frv. er hluti félagsheimilaskjóðs aftur hækkaður í helming. Til greiðslu á byggingarskuldum Þjóðleikhússins hefur verið varið 15% af skemmtanaskatti og tekjuafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins 1951—1956. Í ársbyrjun 1957 átti ríkissjóður eftir að fá endurgreiddar 3 millj. kr. vegna byggingarskuldanna. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að hagnaður Viðtækjaverzlunarinnar renni áfram í ríkissjóð á árunum 1957—61. Skal  $\frac{3}{5}$  hlutum hans varið til þess að greiða byggingarskuldirnar, en heimilt skal að verja  $\frac{2}{5}$  hlutum hans til rekstrar Sinfóníuhljómsveitarinnar. Á síðastliðnu ári nam hagnaður Viðtækjaverzlunarinnar rúmlega einni milljón kr. Miðað við þá upphæð yrðu skuldirnar að fullu greiddar á nefndu tímabili.

Áður en sett voru lög nr. 42/1955, um almenningsbókasöfn, nutu lestrarfélög 4% af skemmtanaskatti. Nú er hins vegar veitt fé til þeirra þarfa á fjárlögum. Öðrum 4% er varið til kaupa á kennslukvikmyndum eða um 225 000 kr. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að þessum 8% verði bætt við hluta Þjóðleikhússins og hann þannig aukinn í 50%. Gert er ráð fyrir, að ákvæði frv. komi til framkvæmda á miðju ári, ef það verður að lögum. 8% skattsins á fyrra helmingi ársins tryggja svipaða upphæð til kaupa á kennslukvikmyndum og verið hefur til ráðstöfunar í því skyni. Á næsta ári er hins vegar gert ráð fyrir því, að fjárveiting verði tekin í fjárlög til þessara þarfa, svo sem gert var varðandi bókasöfnin, enda eðlilegast, að kostnaður vegna kennslukvikmynda sé greiddur á hliðstæðan hátt og annar skólakostnaður. Ekki munu þó hljóta af þessu ný útgjöld fyrir ríkissjóð. Samkvæmt fjárlögum er heimilt að greiða 450 000 kr. rekstrarhalla á Þjóðleikhúsinu. Á síðastliðnu ári var rekstrarhallinn hins vegar 734 000 kr., auk tekna leikhússins af skemmtanaskatti, sem námu 2,3 millj. kr. Ef Þjóðleikhúsið fær helming skattsins í sinn hlut, munu tekjur þess aukast um 400 000—500 000 kr. eða svipaða upphæð og heimilt er nú að greiða því úr ríkissjóði. Ætti skattaukningin að geta komið í stað þeirrar greiðslu. Tekjur leikhússins af hálfum skattinum munu nema um 2,8 millj. kr., miðað við reynslu síðasta árs. Ætti sú upphæð að nægja til rekstrar leikhússins. Síðastliðin fimm ár hefur halli þess, umfram tekjur þess af skemmtanaskatti, numið um 400 000 kr. árlega að meðaltali, en það er nokkru lægri upphæð en gera má ráð fyrir að tekjur leikhússins aukist um, ef frv. þetta verður að lögum.

Hluti félagsheimilaskjóðs af skemmtanaskattinum nam á síðastliðnu ári 1,9 millj. kr. Forráðamenn sjóðsins telja hins vegar, að árlegar tekjur hans þyrftu að vera 2,8 millj. kr. til þess að geta fullnægt brýnni þörf á greiðslum til þeirra framkvæmda, sem félagsheimilaskjóði er ætlað að styðja. Miðað við heildarupphæð skemmtanaskattsins á síðastliðnu ári, 5,6 millj. kr., er þetta einmitt sú upphæð, sem sjóðurinn mundi fá, að óbreyttum tekjum af skattinum, ef frv. þetta yrði að lögum.

Þá er í frv. ákvæði um gjald á alla selda aðgöngumiða að dansleikjum og kvikmyndasýningum, öðrum en sýningum fyrir börn. Gildir þetta í kaupstöðum og kaupúnum, þar sem íbúar eru 1500 eða fleiri. Gjaldið af kvikmyndasýningar- miðum er 1 kr. á hvern miða, en 2 kr. af aðgöngumiðum að dansleikjum. Gjald þetta skal renna óskipt í Menningarsjóð til þess að kosta þau verkefni, sem sjóðnum eru ætluð og gerð er grein fyrir í sérstöku frv., sem lagt verður fram samhliða þessu, en þar er m. a. gert ráð fyrir ákveðnu framlagi úr Menningarsjóði til Vísindasjóðs, sem einnig verður lagt fram sérstakt frv. um. Tekjur af gjaldi þessu munu geta numið um 2 millj. kr.